

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM

Haldinn miðvikudaginn 23. mars 2022 kl. 16:00 í Sjóminjasafninu

Dagskrá:

- Ársskýrsla 2021 lögð fram.
- Endurskoðaðir ársreikningar fyrir 2021 lagðir fram.
- Starfsáætlun fyrir 2022 kynnt.
- Kjör til stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
- Útgáfu- og ferðasjóður: tilkynnt um úthlutun.
- Önnur mál

Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður, setti fund og bauð gesti velkomna. Lagði til að Kristín Dagmar Jóhannesdóttir verði fundarstjóri og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir fundarritari. Samþykkt af fundinum.

Ársskýrsla Íslandsdeildar ICOM 2021.

Guðný Dóra fer yfir ársskýrslu 2021.

Ársskýrslan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt af fundarmönnum með einni athugasemd um orðalag varðandi ICOM Nord.

Endurskoðaðir ársreikningar 2021 lagðir fram.

Anna Friðbertsdóttir, gjaldkeri, fer yfir ársreikninga fyrir árið 2021 sem hafa verið yfirfarnir af skoðunarmönnum.

Ársreikningar eru bornir undir fundinn til samþykktar, þeir eru samþykktir af fundarmönnum.

Starfsáætlun fyrir 2022 kynnt.

Guðný Dóra Gestsdóttir kynnir starfsáætlun Íslandsdeildar ICOM 2022.

Kjör til stjórnar

Guðný Dóra Gestsdóttir og Sigurður Trausti Traustason gefa ekki lengur kost á sér og hætta þar með í stjórn.

Eitt framboð er til embættis formanns, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.

Eitt framboð er til embættis ritara, Hólmur Hólm.

Tvö framboð eru til embættis meðstjórnanda, Berglind Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Vignisdóttir.

Allir þessir frambjóðendur hljóta kosningu.

Anna Guðný Ásgeirsdóttir og Inga Jónsdóttir eru kosnar sem skoðunarmenn reikninga.

Úthlutanir úr útgáfu- og ferðasjóði

Sigurður Trausti Traustason kynnir úthlutun umsókna.

Úthlutað er 4 ferðastyrkjum að upphæð 70.000 kr. hver vegna allsherjarþings ICOM í Prag 2002.

Úthlutað er 1 útgáfustyrk að upphæð 150.000 kr. vegna útgáfu *Handbókar um sýningargerð og varðveislu sýningagripa*.

Samtals er úthlutað 430.000 kr.

Önnur mál

Spurt um safnaskilgreiningarferlið hjá ICOM. Ólöf Gerður útskýrir hvar ferlið er statt og hvað er framundan. Ítarlegar upplýsingar um ferlið er að finna á heimasíðu ICOM.

Spurt um stuðning við flóttamenn frá Úkraínu: ICOM IS tók þátt í yfirlýsingu ICOM Nord sem birt var á samfélagsmiðlum. Rætt um hugmyndir hvernig söfn gætu boðið flóttafólk velkomið og veitt því aðgengi að menningu.

Minnt er á fagdeildir ICOM, sem nú eru að lifna aftur við eftir Covid-dvala. Félagsmenn hvattir til að sækja sér endurmenntun og fylgjast vel með starfi sinna deilda.

Ekki fleira bókað, fundi slitið 17:00